

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2018, miðvikudaginn 17. ágúst var haldinn 393. fundur stjórnar Sorpu bs. Fundurinn fór fram á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst kl.07:30. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður. Mætt voru: Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Éva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör – 6 mánaða 2018
Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Staða í rekstri endurvinnslustöðva er neikvæð um 8 milljónir. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Forsendur rekstraráætlunar 2019.
Kynntar forsendur Reykjavíkurborgar fyrir rekstraráætlun 2019. Málið rætt.
3. Staða í viðræðum við SOS um urðunarstað
Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðu mála. Staða málsins var rædd á fundi stjórnar SSH þann 13. ágúst sl.
4. Fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs
Lögð fram fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs um kostnaðarpátttöku í vélbúnaði til plastflokunar o.fl. Framkvæmdastjóri kynnir svar SORPU bs.
5. Kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál
Kynnt kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og svar SORPU sem unnið var í samráði við embætti borgarlögmans.
6. Skipan fulltrúa í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja
Stjórn skipar Birki Jón Jónsson, Líf Magneudóttir og Bjarna Torfa Álfþórsson í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.
7. Næsti fundur
Næsti fundur ákveðinn 12. september kl. 07:30 og 21. september kl. 07:30.

**Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið klukkan 09:05**